



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar verði vistgata

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Á fundi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 var lögð fram yfirlýsing húseigenda og rekstraraðila við Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar dags. 19. apríl 2023 þar sem óskað var eftir því að sá hluti götunnar yrði gerður að göngugötu. Yfirlýsingunni var vísað til umsagnar verkefnastjóra á skrifstofu skipulagsfulltrúa. Yfirlýsingin var lögð fram að nýju á fundi skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2023 og vísað til umsagnar skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Á fundi skipulagsfulltrúa 21. september 2023 var lögð fram umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 14. september 2023. Í umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar var ekki mælt með því að umræddur hluti yrði gerður að göngugötu en skrifstofan var jákvæð fyrir því að gera götukafliann að vistgötu þar sem bílastæði yrðu fjarlægð að stærstum hluta.

Á fundi skipulagsfulltrúa þann 28. september 2023 var yfirlýsingin lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2023. Í umsögninni kom fram að ekki væri hægt að verða við ósk um að breyta götukafli í göngugötu. Einnig kom fram að ekki þyrfti að breyta skipulagi á þessu svæði ef þessi götukafli yrði vistgata þar sem það er heimilað á Miðborgarsvæðinu (M1), skv. aðalskipulagi.

Skv. 9. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er óheimilt að leggja skráningarskyldum ökutækjum í vistgötu nema á merktum stæðum. Gert er ráð fyrir í tillögu þessari að flest stæði á þessum götukafli myndu leggjast af. Þó yrðu tvö stæði fyrir hreyfihamlaða ekki fjarlægð.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.




Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Yfirlitsmynd af Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar með stæðum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga merktum inn á kortið.
2. Erindi rekstraraðila um að gera Bergstaðastræti að göngugötu
3. Umsögn skipulagsfulltrúa um tillögu rekstraraðila
4. Umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar um tillögu rekstraraðila



1. Yfirlitsmynd af Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar með stæðum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga merktum inn á kortið.


Reykjavík 19. apríl 2023

YFIRLÝSING

Við eftirtaldir húseigendur og rekstraraðilar við Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar, óskum eftir að sá hluti götunnar verði göngugata.

f.h. Laugabergs hf.

eigandi Bergstaðastrætis 1 og Laugavegar 12




f.h. Basalt hf.

eigandi Bergstaðastrætis 3 og Bergstaðastrætis 2



f.h. Laugavegar 10 ehf.

eigandi Laugavegar 10




f.h. Gamma ehf.

eigandi Bergstaðastrætis 4

f.h. Kaffibarsins ehf., Bergstaðastræti 1



f.h. Le Bistro ehf. (Selva), Laugavegi 12



f.h. Einstökbar ehf., Laugavegi 10



Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Bergstaðastræti, milli skólavörðustígs og Laugavegar – göngugata, USK23050235

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. september 2023 var lögð fram yfirlýsing húseigenda og rekstraraðila við Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar, dags. 19. apríl 2023, þar sem óskað er eftir að sá hluti götunnar verði göngugata.

Fyrirspurn var nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 14. september 2023. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Skýringarmynd – nánari staðsetning

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Brekkustígur 12 í skilgreind Miðborgin (M1)

Umsögn

Þakkað er fyrir áhuga húseigenda og rekstraraðila um að koma með þá tillögu að breyta Bergstaðastræti að hluta í göngugötu. Tekið er undir álit frá samgöngustjóra að ekki er raunhæft að breyta þessum kafla götunnar í göngugötu og vístað er í umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar fyrir nánari útskýringar og rökstuðning.

Niðurstaða

Ekki er hægt að verða við þeirri ósk að breyta Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar í göngugötu. Samgöngustjóri ætlar að taka þetta til skoðunar og telur að það er raunhæfari kostur að skilgreina þennan kafla af götunni sem vistgötu.

Ekki er þörf á að breyta skipulagi á þessu svæði ef þessi götukafli verður vistgata því það er heimilað á Miðborgarsvæðin (M1), Skv. aðalskipulaginu.

Fylgiskjöl með umsögn : fskj.- Umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir
landslagsarkitekt/verkefnastjóri



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulagsfulltrúi

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu húseigenda og rekstraraðila við Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar um að sá hluti götunnar verði göngugata.

Á fundi skipulagsfulltrúa, dags. 25. maí 2023 var lögð fram yfirlýsing húseigenda og rekstraraðila við Bergstaðastræti, milli Skólavörðustígs og Laugavegar, dags. 19. apríl 2023, þar sem óskað var eftir að sá hluti götunnar yrði göngugata. Yfirlýsingunni var vísað til umsagnar verkefnastjóra á skrifstofu skipulagsfulltrúa.

Yfirlýsingin var lögð fram að nýju á fundi skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2023 og vísað til umsagnar skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar fagnar frumkvæði og áhuga húseigenda og rekstraraðila á svæðinu um bætt umhverfi og aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Götukaflinn sem um ræðir er á jaðri göngugötusvæðis, liggur á milli Skólavörðustígs og Laugavegar sem eru göngugötur. Lítið rými er fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á götunni í dag, gangstéttar eru mjóar (innan við 2 m) og akstursleið liggur til norðurs þar sem bílastæði eru samsíða akstursleiðinni austan til. Tvö bílastæði eru fyrir hreyfihamlaða, annað efst við Skólavörðustíg og hitt neðst við Laugaveg. Ómögulegt er, við núverandi aðstæður, að aðlaga gangstéttar að inngöngum Laugavegar 12 og Bergstaðastrætis 3, til að bæta aðgengi svo vel sé. Gerðar hafa verið tilraunir með hvílustæði með góðum árangri.



Yfirlitsmynd af gatnakerfi svæðisins. Götukaflinn sem óskað er eftir að verði göngugata er innan rauða hringins. Núverandi göngugötur eru grænar og vistgötur appelsínugular. Núverandi akstursstefnur (einstefnur) merktar með bláum örvum.



Gatnakerfið í nágrenni þessa hluta Bergstaðastrætis einkennist af einstefnugötum. Þannig er einstefna til suðurs á Klapparstíg og Vitastíg og til norðurs á Frakkastíg og Bergstaðastræti. Mikilvægt er að halda í þetta net til að sú umferð ökutækja sem þarf að komast um, t.d. vegna vörudreifingar, dreifist jafnar og komist sem stysta leið að og frá svæðinu.

Vistgata er gata þar sem gangandi vegfarendur eru í forgrunni. Vélknúnum ökutækjum er heimilt að aka á að hámarki 15 km/klst hraða og ber að sýna gangandi vegfarendum sérstaka tillitssemi og að víkja fyrir þeim. Með vistgötu er hægt að halda opinni akstursleið en á sama tíma vinna með að bæta aðgengi og rými fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og gesti rekstraraðila götunnar þar sem æskilegt er að ekki séu kantsteinar í vistgötum sem deila upp rýminu heldur verður rýmið samrými.

Með hliðsjón af framangreindu mælir skrifstofa samgangna og borgarhönnunar ekki með því að Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar verði breytt í göngugötu. Skrifstofan mun þess í stað taka það til nánari skoðunar að götukafliinn verði vistgata þar sem bílastæði verði fjarlægð að stærstum hluta, líkt og er á Smiðjustíg í beinu framhaldi af Bergstaðastræti. Hægt er að breyta götunni í vistgötum með tiltölulega litlum tilkostnaði en æskilegt væri að fjármagn fengist til að endurgera götuna í sama anda og Smiðjustígur í framhaldinu, þ.e. endurgera yfirborð í einum fleti án kantsteina, bæta aðgengi við innganga og bæta gróður og lýsingu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Yfirlýsing, dags. 19. apríl 2023.

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 25. janúar 2024 um tillögu um að Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar verði vistgata

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða fagnar frumkvæði rekstraraðila við Bergstaðastræti um bætt umhverfi og útlit götunnar. Að mati ráðsins er tillaga umhverfis- og skipulagsráðs góð, svo langt sem hún nær. Sérstaklega er ánægjulegt að til standi að fjarlægja kantsteina og endurgera yfirborð götunnar, en rými á gangstéttum er nú af skornum skammti. Þó eru vonbrigði að ekki hafi verið orðið við beiðni rekstraraðila um að gera svæðið að göngugötu. Þrátt fyrir að hugmyndin með vistgötum sé að þar deili mismunandi umferðarmáttar rými og að bifreiðar eigi að víkja fyrir gangandi vegfarendum er nokkuð fjarri að sú sé raunin á vistgötum borgarinnar.

Í umsögn samgöngustjóra kemur fram að mikilvægt sé að halda í net einstefnugatna á svæðinu, m.a. með tilliti til vöruafhendingar. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er gert ráð fyrir að vélknúin ökutæki geti notað göngugötu vegna vörulosunar á skilgreindum vörulosunartímum, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að sú umferð verði áfram einstefnuakstur.

Að mati ráðsins væri því æskilegt að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu en hefja vinnu við að gera svæðið að göngugötu.